

Fimmtudaginn 19. mars 1987.

Nr. 48/1986. **Ísbjörninn hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Einari Ingvarssyni

(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Vinnusamningar. Sjómenn. Upphafstími vaxta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1986. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að áfrýjanda hefði verið heimilt að víkja stefnda úr skiprúmi samkvæmt 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1973. Telja verður ósannað, að stefndi eða eiginkona hans hafi fengið tilkynningu um frávikningu úr starfi, og ekki verður talið, að áfrýjandi hafi haft næga ástæðu til að líta svo á, að ráðningarsamningurinn félli úr gildi án hans aðgerða eftir samtal skrifstofustjóra hans og eiginkonu stefnda, en samtals þessa er getið í héraðsdómi. Vottorð það, sem áfrýjandi aflaði sér um heilsufar stefnda 16. janúar 1985 þar sem fram kemur, að stefndi geti hafið fyrri störf fljótlega, bendir og til þess, að áfrýjandi hafi talið að stefndi væri enn í starfi hjá honum. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms ber að taka til greina þá kröfu stefnda að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum 210.815,25 krónur, en höfuðstól kröfunnar hefur eigi verið mótmælt tölulega.

Áfrýjandi mótmælir vaxtakröfu stefnda sem of hárrí. Með bréfi 20. mars 1985 krefur stefndi áfrýjanda um kauptryggingu í 3 mánuði frá 4. febrúar 1985, 97.337,00 krónur. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 30. apríl 1985. Þá var enn ekki ljóst, hver aflahlutur staðgengils stefnda yrði og var endanleg dómkrafa,

219.815,25 krónur, ekki sett fram fyrr en í þinghaldi 4. desember 1985. Stefndi þykir ekki eiga rétt á vöxtum frá 5. febrúar 1985 svo sem hann krefst, heldur þykir rétt að dæma vexti af 97.337,00 krónum frá 20. mars 1985 og af 210.815,25 krónum frá 4. desember 1985. Verða vextir af kröfunni tilteknir sem árlegir dráttarvextir svo sem þeir eru á hverjum tíma ákveðnir í auglýsingum Seðlabanka Íslands frá framangreindum dögum til greiðsludags.

Rétt þykir að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað sem ákveðst samtals 90.000,00 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ísbjörninn hf., greiði stefnda, Einari Ingvarssyni, 210.815,25 krónur ásamt ársvöxtum sem hér segir: Af 97.337,00 krónum 48% frá 20. mars 1985 til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. september s.á. og 45% frá þeim degi til 4. desember s.á., og af 210.815,25 krónum 45% frá 4. desember 1985 til 1. mars 1986, 33% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% frá þeim degi til 1. mars 1987 og 30% frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1985.

Mál þetta, sem var dómtekið 4. desember 1985, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. apríl 1985 og þingfestri 30. s.m. af Einari Ingvarssyni, nnr. 1814-6959, Skeljagrandu 9, Reykjavík á hendur Ísbirninum hf., nnr. 4824-6001, Norðurgranda, Reykjavík, til heimtu uppsagnarlauna vegna ólögmætrar uppsagnar hinn 4. febrúar 1985.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar.

1. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda staðgengilslaun 2. vélstjóra á B/v Ásgeiri RE-60 fyrir tímabilið 4. febrúar 1985 til 4. maí 1985, samtals kr. 210.815,25, ásamt 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 5. febrúar 1985 til 28. febrúar 1985, með 4% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. mars 1985 til 31. maí 1985 með 3,5% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 31. ágúst 1985 og með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Lögmaður stefnanda breytti dómkröfum sínum við málflutning með samþykki lögmanns stefnda og með tilvísun til fyrri áskilnaðar um heimtu aflahlutar. Endanleg dómkrafa er reist á dskj. nr. 12 og sundurliðast þannig.

“ 31/1 - 11/2	25.999,00	2. ferð
12/2 - 21/2	17.976,00	3. “
5/3 - 14/3	26.543,00	4. “
15/3 - 24/3	39.592,00	5. “
25/3 - 2/3	22.529,00	6. “
3/4 - 15/4	44.541,00	7. “
16/4 - 25/4	27.926,00	8. “
26/4 - 9/5	22.362,00	9. “
227.468,00 kr.		

Kaup (staðgengilslaun) 2. vélstj. á B/v Ásgeiri RE 60 tímabilið 4/2 - 4/5 '85 kr. 210.815,25“

2. Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum þannig lýst að hann hafi á tímabilinu 1. janúar 1984 til 9. október s.á. verið 2. vélstjóri á Ásgeiri RE-60, en það skip sé í eigu stefnda. Þá kveðst stefnandi hafa veikt og verið frá vinnu allt til 4. febrúar 1985. Kveðst hann hafa notið veikindalauna hjá stefnda frá því er hann veiktist og allt til 9. des. 1984 í samræmi við rétt sinn skv. kjarasamningi.

Er hann hafi snúið aftur til vinnu sinnar eftir að hafa verið útskrifaður vinnufær af lækni sínum hafi honum verið tjáð að búið væri að ráð annan mann í stöðu hans og væri því ekki þörf fyrir hann lengur í starfið.

Stefnandi kveðst vegna þessa hafa farið fram á að stefndi greiddi sér 3ja mánaða uppsagnarlaun, en því hafi verið hafnað. Hafi honum því verið nauðsynlegt að höfða mál þetta til heimtu launanna.

Af hálfu stefnda er málavöxtum þannig lýst að öðru leyti að hinn 9. október hafi stefnandi farið í hjartapræðingu m.a. Nokkru seinna hafi eiginkona hans hringt í stefnda og sagt honum, að stefnandi ætti að fara í uppskurð vegna krabbameins í ristli, og síðan í hjartaaðgerð til London.

Hafi verið áætlað að þetta þýddi a.m.k. um 6 mánaða óvinnufærni. Af lýsingu eiginkonu stefnanda að ráða á sjúkdómum, er hrjáðu stefnanda, hafi stefndi talið fullvíst að stefnandi færi ekki til sjós meir, a.m.k. ekki í náinni framtíð og hafi verið ráðinn annar vélstjóri í hans stað.

Stefnanda hafi verið greidd veikindalaun í tvo mánuði eins og hann hafi átt rétt til, eða til 9. desember 1984, skv. 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 18. gr. s.l.

Í byrjun febrúar 1985 hafi stefnandi komið að máli við stefnda og viljað fá starf sitt aftur, en hjartaaðgerð sú sem hann hafi átt að fara í í London hafði verið frestað. Stefnandi hafði þá aldrei haft samband við stefnda frá því í október 1984 og var honum tjáð að ekki gæti orðið um endurráðningu að ræða, þar sem ráðinn hefði verið vélstjóri í hans stað þegar hann var afskráður úr skipróminu.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar þannig að samkvæmt 2.mgr. 13. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 35. gr. kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands og Vélstjórafélags Vestmannaeyja annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar sé uppsagnarfrestur vélstjóra 3 mánuðir. Engin uppsögn ráðningarsamnings stefnanda hafi farið fram fyrr en hinn 4. febrúar 1985, en þá hafi stefnanda verið tilkynnt að ekki væri þörf fyrir hann þegar hann kom til starfa að nýju eftir veikindi. Ofangreind ákvæði eigi hér við og sé því stefnda skylt að greiða stefnanda staðgengilslaun fyrir uppsagnartímann, þ.e. 4.2. 1985 til 4.5. 1985. Ekki sé ljóst enn hver aflahlutur staðgengils stefnanda verði og sé því látið nægja að gera kröfu til kauptryggingar fyrir þetta tímabil, en það séu þau lágmarkslaun sem stefnandi hefði notið ef hann hefði gegnt starfi sínu í þennan tíma.

Stefnandi telur að ákvæði 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprómi vegna veikinda eigi ekki við í þessu tilviki þar sem slík uppsögn hafi ekki farið fram.

Kröfu sína um málskostnað kveðst stefnandi byggja á þeirri staðreynd að tilvist máls þessa sé alfarið orðin vegna vanefnda stefnda á skyldum sínum samkvæmt lögum og kjarasamningi.

Af hálfu stefnanda var ennfremur á það bent við málflutning að hann hefði orðið mun fyrr frískari en áætlað var af skrifstofu stefnda sem taldi að hann kæmi ekki aftur til vinnu. Á dskj. nr. 10 komi hins vegar fram það álit lækni að leikmenn geti alls ekki gert sér grein fyrir gangi sjúkdóma af því tagi sem hrjáðu stefnanda. Stefndi hafi haft rangt fyrir sér í mati sínu og það án þess að athuga málið nánar. Þá er því haldið fram að það sé skilyrði að uppsögn/frávikning fari fram skriflega. Verði ekki fallist á það, sé a.m.k. nauðsynlegt að uppsögn fari fram. Það sé stefnda að sanna

að því skilyrði hafi verið fullnægt. Er stefnandi kom á skrifstofu stefnda 4. febrúar hafi honum ekki verið tjáð að honum hefði verið vikið frá skv. 32. gr. sjómannalaga heldur aðeins „að ekki væri þörf fyrir hann lengur“. Ljóst sé að engin uppsögn hafi farið fram fyrir en þann dag. Hann eigi því rétt á 3 mán. uppsagnarfresti frá þeim degi. Ennfremur að 32. gr. sé aðeins heimildar-ákvæði og ef eigi að beita því þurfi þá a.m.k. að tilkynna það. Einnig var því haldið fram af hálfu stefnanda að afskráning úr skiprúmi slíti ekki ráðningu, sbr. 2. mgr. 18. gr. sjóml., sbr. l. 63/1961 um lögskráningu sjómanna. Varðandi þessi atriði var á það bent af hálfu stefnanda að fyrir l. 67/1963 hafi laga-ákvæði ekki verið skýr um merkingu hugtaksins „afskráning“. Nú sé hins vegar ljóst að ráðningu ljúki ekki með afskráningu.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir kröfu sinni um sýknu eru þessar:

Kveðst hann alfarið byggja kröfur sínar á 32. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, en samkvæmt þeirri grein geti skipstjóri (útgerðarmaður) vikið skipverja úr skiprúmi verði skipverjinn lengur en um stundarsakir ófær til vinnu vegna veikinda eða slyss eins og í þessu tilviki.

Með afskráningu stefnanda úr skiprúmi í október 1984 hafi lokið ráðningartíma stefnanda hjá stefnda.

Stefndi hafi á sínum tíma greitt stefnanda þau laun, sem hann hafi átt rétt til skv. 32. gr. sjómannalaga, en sú grein vitni til 18. gr. s.l., en skv. þeirri grein hafi stefnandi átt rétt til launa í tvo mánuði, sem hann og hafi fengið. Hafi stefnandi þá ekki átt neinn frekari rétt á hendur stefnda, enda komi berlega fram í 32. gr. sjómannalaga að þar sé rætt um brottvikningu úr starfi „avskjed“, en hvergi minnst á heimild til þess að krefjast uppsagnar „opsigelse“, eftir að löngum veikindum lýkur.

Í málf lutningi taldi talsmaður stefnda að ráðningu stefnanda hefði lokið 9. október er hann var kallaður til hjartarannsóknar. Þegar eiginkona hans hafi síðan haft samband við útgerðina nokkru síðar og tjáð að hann myndi ekki koma aftur til vinnu „að svo stöddu“ þar sem gera þyrfti á honum hjartaaðgerð og einnig aðgerð vegna krabbameins hafi stefndi talið að hann kæmi ekki til sjós meira, a.m.k. ekki næstu 6 mánuði. Síðan hafi komið í ljós að stefnandi þyrfti ekki í hjartaaðgerð, þetta hafi stefndi ekki getað vitað. Verði að telja þennan tíma fullnægja skilyrði 32. gr. sjómannalaga „lengri en um stundarsakir“. Hugtakið „ófyrrisjáanlegan tíma“ í eldri lögum hafi verið túlkað sem a.m.k. 3 mánuðir. „Um stundarsakir“ hljóti að vera styttra tímabil en um „ófyrrisjáanlegan tíma“. Það sé sérstakur vinnustaður að vera til sjós, skipum verði að halda mönnum. Mótmælt er að það verði að tilkynna viðkomandi aðila um frávikningu skv. 32. gr. sjómannalaga. Í raun tali menn ekki um þessa hluti heldur þróist málin. Í þessu tilviki hafi verið ljóst að stefnandi yrði mjög lengi frá vinnu. Óheimilt sé að ráða menn í einn og einn túr á meðan beðið sé eftir öðrum

óákveðið, sem og að henda staðgengli í land þegar hinn komi aftur. Ekkert sé því til fyrirstöðu að ráða vélstjóra tímabundið, sbr. 12. gr. sjóml.

Niðurstaða

Stefnandi hvarf frá vinnu vegna veikinda með samþykki útgerðarinnar er hann var kallaður til rannsóknar. Því hefur ekki verið haldið fram af stefnda að stefnanda hafi þá verið tilkynnt að honum væri vikið úr starfi. Stuttu seinna varð stefnanda ljóst að hann yrði lengur frá störfum en upphaflega var áætlað þar sem aðgerðar var talin þörf og annar alvarlegur sjúkdómur kom í ljós við skoðun. Tilkynnti eiginkona hans það útgerðinni. Ekki er því haldið fram að henni hafi þá verið tilkynnt að stefnanda væri þar með vikið úr starfi vegna veikindanna, og ósannað er að henni hafi mátt vera ljóst að svo væri. Stefnandi fékk greidd tveggja mánaða veikindalaun án athugasemda. Hann sneri aftur til vinnu er hann var orðinn vinnufær á ný og hafði hann þá verið frá vinnu í fjóra mánuði. Þá fyrst var honum sagt að ekki væri þörf þjónustu hans lengur. Er nú á því byggt að honum hafi verið vikið úr starfi vegna veikinda. Skriflegur ráðningarsamningur hafði ekki verið gerður við stefnanda um ráðningarkjör hans svo sem lögskýlt er skv. 11. gr. sjómannalaga. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga hefur afskráning ekki áhrif á lok ráðningar. Samkvæmt dskj. nr. 13 var stefnandi afskráður í lok sérhverrar veiðiferðar eða sex sinnum á tímabilinu frá 28. júní til 9. október. Því hefur ekki verið haldið fram að ráðningu hafi verið slitið í hvert sinn. Við afskráningu 9. október virðist ekki hafa verið fyrirséð að stefnandi yrði í burtu í lengri tíma, en þá fór hann úr skiprúmi vegna læknisrannsóknar með samþykki stefnda að því er virðist.

Telja verður að heimilt hefði verið að beita ákvæði 32. gr. sjómannalaga í tilviki því er hér er um deilt. Hins vegar þykir verða að koma tilkynningu um frávikningu til launþegans. Það þykir upplýst með framburði aðila og vitna að ekki hafi verið reynt að koma slíkri tilkynningu á framfæri af hálfu stefnda, hvorki við stefnanda sjálfan né eiginkonu hans. Þykir verða að líta svo á, samkvæmt því sem hér hefur verið rakið, að 32. gr. sjómannalaga eigi því ekki við um þessi lögskipti aðila og að stefnandi hafi hinn 4. febrúar 1985 mátt vænta þess að hann væri enn í þjónustu stefnda. Hann þykir því hafa átt rétt á 3ja mánaða uppsagnarfresti ef stefndi gat ekki nýtt starfskrafta hans. Stefndi hefur ekki borið fyrir sig aðra málsástæðu en 32. gr. sjómannalaga. Kröfur stefnanda eru því teknar til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 46.000,00.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ísbjörninn hf., greiði stefnanda, Einari Ingvarssyni, kr. 210.815,25 auk 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá 5. febrúar 1985 til 1. mars s.á., 4% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., 3,5% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., og 3,75% dráttarvaxta á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 46.000,00.

Fimmtudaginn 19. mars 1987.

Nr. 242/1985. **Júlíus Skúlason**

(Örn Clausen hrl.)

gegn

Sigmundi Birgi Pálssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabætur utan samninga. Líkamsáverkar. Sönnun. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1985. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að fjárhæð héraðsdóms verði lækkuð, vextir miðaðir við vexti af óbundnum spari-sjóðsinnstæðum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig að vextir verði 42% ársvextir frá 16. janúar 1983 til 21. september s.á., 35% frá þeim degi til 13. október s.á., en frá þeim degi til greiðsludags verði dæmdir dómvextir samkvæmt 1. gr. laga nr. 56/1979. Stefndi krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ekki er fram komin nægileg sönnun fyrir því að áfrýjandi hafi